

Guðjón Ingi Eggertsson

Frá: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
Sent: miðvikudagur, 18. ágúst 2021 11:50
Til: ust@ust.is; Heilbrigðiseftirlit; USK Skipulag
Afrit: Sigríður Skaftadóttir; Guðjón Ingi Eggertsson; Rósa Magnúsdóttir; Ólafur Melsted
Efni: UMH21070002 Vaka - umsögn óskast - andmæli Vöku.
Viðhengi: Rökstuðningur til UAR v. undanþ. Vöku hf. frá starfsleyfi, 13. ágúst 2021.pdf

Sent to GoPro Case: -1

Með bréfi, dags. 30. júlí sl. tilkynnti ráðuneytið Vöku hf. að það áformaði, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, að hafna beiðni Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu, þar sem starfsemin samræmist ekki landnotkun svæðisins. Jafnframt tilkynnti ráðuneytið Vöku með bréfi, dags. sama dag, að það áformaði að hafna beiðni Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi fyrir úrvinnslu úr sér genginna ökutækja, þar sem starfsemin telst ekki hreinleg starfsemi, hefur í för með sér mengunarhættu og að úrvinnslu hluti starfseminnar samræmist ekki landnotkun svæðisins og með vísan til þess að skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfi eru ekki uppfyllt þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að ríkar ástæður séu fyrir veitingu undanþágu, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Meðfylgjandi eru athugasemdir Vöku hf. við fyrirhuguð áform ráðuneytisins.

Hér með er óskað eftir umsögnum Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um athugasemdir Vöku hf. Óskað er eftir að umsagnir berist ráðuneytinu sem fyrst og eigi síðar en 1. september nk.



Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Frá: Reynir Þór Guðmundsson <reynir@vaka.is>

Sent: mánudagur, 16. ágúst 2021 15:21

Til: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>; Umhverfis- og auðlindaráðuneytið <uar@uar.is>

Afrit: Bjarni Aðalgeirsson <bjarni@juris.is>; Finnur Magnússon <finnur@juris.is>; Sigurbjörn Magnússon <sigurbjorn@juris.is>

Efni: RE: UMH21070002 Vaka

Sæl Sigurbjörg,

Sjá í viðhengi athugasemdir Vöku hf vegna fyrirhugaðrar höfnun á beiðni um undanþágu frá starfsleyfi.



Með kveðju / Best Regards

Reynir Þór Guðmundsson
CEO / Framkvæmdastjóri

Address: Héðinsgata 2 | 105 Reykjavík, Iceland

Website: www.vaka.is

E.mail: reynir@vaka.is

Tel: 863 4000 | 567 6700



Reykjavík 13.08.2021

Rökstuðningur til UAR

Vaka hf. – Starfsleyfi fyrir móttökustöð

Tilv.: UMH21070002/8.14

Undanþága frá starfsleyfi vegna móttökustöðvar fyrir ökutæki til förgunar og bílaparta.

Vaka hf. hefur réttmætar væntingar til að fá undanþágu frá ofangreindu starfsleyfi

Vísað er til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 30. júlí sl., tilv. UMH21070002/8.14, þar sem óskað var eftir afstöðu Vöku hf. til fyrirhugaðrar synjunar ráðuneytisins á beiðni félagsins um undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu.

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir afstöðu Vöku hf. til fyrirhugaðrar synjunar ráðuneytisins og verður gerð nánari grein fyrir henni hér í framhaldi.

Rökstuðningur

Rétt er að taka fram í upphafi að öll starfsleyfi Vöku hf. voru felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í máli nr. 15/2021, en þar var byggt á túlkun ÚUA á hugtakasamhenginu „léttur iðnaður“ og samræmingu þess við úrvinnslu og förgun ökutækja.

Í úrskurði sínum byggir ÚUA á túlkun nefndarmanna og skilgreiningu á hugtakasamhengi sem ekki er skilgreint í lögum, reglugerðum, eða hlutaðeigandi gögnum og byggja á því íþyngjandi fullnaðarúrskurð á stjórnarsýslustigi, sem ekki verður hnekkt nema með dómi.

Sú ákvörðun ÚUA braut klárlega gegn meðalhófsreglu stjórnarsýslu- og stjórnskipunarréttar enda leiddi úrskurður nefndarinnar til algerrar rekstrarstöðvunar fyrirtækisins. Til að tryggja að áskilnaði meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sé fullnægt verður Vaka hf. að fá undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttöku á ökutækjum til úrvinnslu og förgunar þar til dómur gengur í máli til ógildingar á úrskurði ÚUA. Einungis þannig verður mögulegt að afstýra rekstrarstöðvun fyrirtækisins og atvinnumissi meirihluta starfsmanna Vöku hf. sem óhjákvæmilega hlýst af starfsleyfismissi.

Í þessu sambandi hefur þýðingu að skipulagsfulltrúi Reykjavíkur veitti á sínum tíma jákvæða umsögn vegna starfsleyfisumsóknar fyrir móttöku ökutækja til förgunar að Héðinsgötu 2, 105 Reykjavík, dagsett 30. nóvember 2020.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitti Vöku hf. tímabundið starfsleyfi, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til loka árs 2021 byggt á jákvæðum umsögnum viðeigandi sviða og stofnana.

Í ljósi úrskurðar ÚUA hafa nú bæði skipulagsfulltrúi Reykjavíkur og HER kúvent í afstöðu sinni til útgáfu starfsleyfis fyrir móttöku ökutækja til úrvinnslu og förgunar og leggjast gegn útgáfu slíks starfsleyfis. Sú kúvending orkar tvímælis að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.

Starfsstöð Vöku hf. er að Héðinsgötu 2, 105 Reykjavík. Landnotkun svæðisins skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skilgreind Miðsvæði, nánar „M18. Köllunarklettur. Einkum skrifstofur, ýmis þjónusta og léttur iðnaður auk íbúða.“

Í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum, segir í 6.2. gr. Stefna um landnotkun:

b. Miðsvæði (M).

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Svo sem sjá má er ekki gert ráð fyrir neinum iðnaði í flokki Miðsvæði. Hins vegar segir í upphafsorðum sömu greinar „Stefna um landnotkun skal sýnd með einum landnotkunarflokki. Sé gert ráð fyrir landnotkun á sama reit sem fellur undir fleiri en einn landnotkunarflokk skal sá flokkur tiltekinn fyrir reitinn sem er ríkjandi en umfang annarrar landnotkunar tilgreint í skilmálum.“

Má af þessu ráða að undirflokkur M18 sé athafnasvæði þar sem léttur iðnaður er tilgreindur í skilmálum, en í 6.2. gr. Stefna um landnotkun segir:

e. Athafnasvæði (AT).

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Til samanburðar er skilgreining á landnotkun fyrir grófari starfsemi, þ.e.a.s. ekki léttan iðnaði:

f. Iðnaðarsvæði (I).

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Athafnasvæði (AT) er eini landnotkunarflokkurinn sem tiltekur léttan iðnað. Af ofangreindu má ráða að starfsemi Vöku hf. fellur undir ekki undir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi, heldur léttan iðnað og rúmast því innan skilgreiningar á landnotkunarákvæðum M18 í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Vaka hf. hefur réttmætar væntingar til þess að fá útgefið starfsleyfi frá HER fyrir hjólbarðaverkstæði, bíla- og vélaverkstæði, varahlutasölu og móttöku ökutækja til förgunar að Héðinsgötu 2, 105 Reykjavík, þar sem landnotkunarákvæði aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 fyrir þá starfsstöð eru þau sömu og að Skútuvogi 8, 104 Reykjavík, hvar Vaka hf. var með starfsstöð áratuginn 2009 til 2019 og stundaði sama rekstur með fullgilt starfsleyfi. Í báðum tilfellum er landnotkun skilgreind sem Miðsvæði með undirflokk Athafnasvæði, þar sem léttur iðnaður er tilgreindur í skilmálum. Þegar þetta er ritað hefur umhverfis- og auðlindaráðuneyti fallist á tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir dekkjaverkstæði, bílapartasölu að hluta til, svo og véla- og bifreiðaverkstæði. Hins vegar ráðgerir ráðuneytið að synja beiðni Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi vegna úrvinnslu bifreiða. Vaka hf. telur að fallast eigi á beiðni félagsins um undanþágu frá starfsleyfi vegna þessa hluta ennfremur.

Vaka hf. hefur réttmætar væntingar til þess að fá undanþágu fyrir starfsleyfi fyrir móttöku ökutækja til förgunar að Héðinsgötu 2, 105 Reykjavík, þar sem landnotkunarákvæði aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 fyrir þá starfsstöð eru þau sömu og að Skútuvogi 8, 104 Reykjavík, hvar Vaka hf. var með starfsstöð áratuginn 2009 til 2019 og stundaði sama rekstur með fullgilt starfsleyfi. Í báðum tilfellum er landnotkun skilgreind sem Miðsvæði með undirflokk Athafnasvæði, þar sem léttur iðnaður er tilgreindur í skilmálum. Sömu rök leiða til þess að fallast beri á beiðni um undanþágu vegna móttöku ökutækja til förgunar, enda hefur nú þegar verið fallist á undanþágur frá starfsleyfum fyrir hjólbarðaverkstæði, bíla- og vélaverkstæði og varahlutasölu að hluta til.

Úrvinnsla ökutækja er undirstaða annarrar starfsemi Vöku hf. og án hennar munu aðrir þættir rekstrar Vöku hf. ekki þrífast. Úrvinnsla ökutækja til förgunar leggur til lager félagsins í notuðum hjólbörðum, rafgeymum, varahlutum og íhlutum í ökutæki. Þessi liður er einnig grundvöllur sérstöðu Vöku hf. sem mikilvirkur þátttakandi í hringrásarhagkerfinu.

Almannahagsmunir felast í að veita Vöku hf. starfsleyfi til móttöku á ökutækjum til förgunar, því aðrir aðilar sem taka á móti ökutækjum til förgunar senda þau beint í endurvinnslu sem brotamálm og uppfylla því ekki mikilvæga þætti hringrásarhagkerfisins, m.a. endurnotkun, fullnýtingu og viðgerðir, til að lágmarka kolefnisspor og soun.

Þá hefur Vaka hf. lágmarkað kolefnisspor förgunarferlisins með því að pressa burðarvirki ökutækja innanhúss, setja brotamálminn í útflutningsgám sem tekur u.þ.b. 24 pressaðar bifreiðar og hann síðan fluttur rétt röskan kílómetra að skipi til útflutnings. Þannig lágmarkast allur flutningur með ökutæki til förgunar, bæði fyrir og eftir úrvinnslu- og förgunarferlið. Til samanburðar má geta þess að eftir að Vaka missti starfsleyfið skyndilega þá hefur bifreiðum verið keyrt til Furu í Hafnarfirði og fara 2-6 bifreiðar í hvert skipti, það fer eftir stærð bifreiðanna. Þetta eru um 40km fram og til baka. Þetta gerir það að verkum að það er meira álag á vegakerfinu með tilheyrandi kostnaði. Þessi ferill er ekki umhverfisvænn og hefur hörmulegar afleiðingar á kolefnissporið.

Í greinargerð er farið ítarlegar yfir málavöxtu og færð fyrir því rök að úrvinnsla og förgun Vöku hf. er sambærileg við aðra starfsemi sem sjálfsagt þykir að samþykkja á Miðsvæði.

Greinargerð

Vaka hf. svipt starfsleyfi

Atburðarrás þessi hefst með flutningi starfsstöðvar Vöku hf. frá Skútuvogi 8, 104 Reykjavík, hvar Vaka hf. hafði verið með starfsstöð sína í áratug, frá 2009 til 2019, þegar eignin er seld og Vaka þarf að finna nýja starfsstöð. Ekki var hlaupið að því að finna sambærilega aðstöðu, en illskásti kosturinn var aðstaða að Héðinsgötu 2, 105 Reykjavík. Að Héðinsgötu er meira rými innandyr, en minna utan, sem reyndist örlagaríkt, því í aðdraganda flutninga var Vaka með á fjórða hundrað ökutækja á útisvæði sínu að Skútuvogi.

Það sem máli skiptir varðandi þessar tvær starfsstöðvar gagnvart starfsleyfum er að báðar liggja þær að Sæbraut og eru báðar á skilgreindu Miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Flutningar Vöku hf. á milli starfsstöðva voru rekstrinum íþyngjandi, en því fylgdi mikil vinna, aukinn kostnaður og tekjutap. Afdrifaríkast reyndist þó sá ásýndarvandi sem af flutningunum hlaut og angraði nokkra nágretta nægilega til að þeir leituðu leiða til að losna við félagið úr nærumhverfi sínu.

Sú leið sem farin var fól í sér kærur til ÚUA, nánar kærur nr. 123/2020, 15/2021, 22/2021 og 23/2021. Sumum kærum eða kröfum var vísað frá, en að endingu fór svo að ÚUA úrskurðaði í máli nr. 15/2021: „Felld er úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 2. febrúar 2021 um að samþykkja umsókn Vöku hf. um tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemi félagsins að Héðinsgötu 2.“

Byggði ÚUA úrskurð sinn á því að móttaka ökutækja til úrvinnslu og förgunar félli ekki undir „léttan iðnað“ og samræmdist því ekki landnotkunarskilmálum AR2010-2030 fyrir Miðsvæði. ÚUA virðist þar styðjast við eigin túlkun á „léttur iðnaður“, því ekki finnst skilgreining á hugtakasamhenginu í skipulagslögum 123/2010, skipulagsreglugerð 90/2013, eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 7/1998.

Úrskurður ÚUA var reiðarslag fyrir Vöku hf. og afdrifaríkur fyrir allt það starfsfólk sem missti vinnuna í kjölfarið. Vaka hafði flutt starfsemi sína um tvo kílómetra, á milli starfsstöðva sem báðar liggja að sömu götu og falla undir sömu landnotkunarskilmála. Starfsleyfi hafði verið gefið út með jákvæðri umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, HER, Faxaflóahafna, sem lóðareiganda, auk samþykkis leigusala.

Í ljósi þess að ÚUA gerði aðeins athugasemdir við einn starfsþátt af fjórum starfsleyfisskyldum þáttum, þá kom einnig á óvart að meðalhófsreglu stjórnsýslulaga var ekki gætt, þannig að sá þáttur starfsleyfis yrði ógildur, heldur voru starfsleyfi fyrir alla starfsþætti felld úr gildi.

Hringrásarhagkerfið

Starfsemi Vöku hf. sem mál þetta varðar hefur grundvallarþýðingu í hringrásarhagkerfinu. Skilgreining Umhverfisstofnunar á því hugtaki er svohjóðandi: „Hringrásarhagkerfið er hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmyndun. Hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins er nokkuð margþætt og nær einnig til þess að endurmeta og endurskilgreina lífsgæði. Helstu aðgerðir sem tryggja að auðlindum sé haldið í hagkerfinu eru að deila, gera við, endurnota, endurframleiða og endurvinna.“

Endurnotkun – Björgun – Endurnýting

Þetta eru kenniorð endurvinnslunnar og undirstaða rekstrar Vöku hf., sem þannig gegnir lykilhlutverki í hringrásarhagkerfinu, þar sem félagið byggir rekstur sinn á því að endurnýta það sem nothæft er úr ökutækjum, veri það hjólbarðar, felgur, rafgeymar, ljós, aðrir íhlutir eða bifreiðahlutar. Þeir hlutir sem ekki eru endurnýtanlegir fara utan til endurvinnslu. Það sem ekki nýtist úr því ferli er síðan úrgangur, sem meðhöndlaður er af úrvinnsluaðilum erlendis. Vaka hf. hefur sérstöðu að þessu leyti, því engir aðrir móttökuaðilar bjóða bæði upp á almenna móttöku ökutækja, án tillits til ástands þeirra, og sölu á þeim íhlutum sem nothæfir eru. Það skýtur því skökku við þegar opinberir aðilar fjalla um Vöku sem móttökustöð fyrir úrgang.

Starfsleyfi Vöku hf.

Rekstur Vöku hf. byggir á fjórum starfsleyfisskyldum rekstrarþáttum og einum sem ekki er starfsleyfisskyldur. Nú hefur verið fallst á þrjár undanþágur um starfsleyfi, en ráðgert er að synja einni undanþágu um starfsleyfi það sem ranglega er kallað móttökustöð fyrir úrgang, svo sem skýrt hefur verið hér að framan.

Ætla mætti að Vaka hf. gæti vel við unað að hafa fjóra rekstrarþætti af fimm sér til framdráttar, en svo er ekki. Staðreyndin er sú að þeir fjórir rekstrarþættir, sem eru annað tveggja óháðir starfsleyfi eða líklegir til að verða samþykktir, byggja allir á móttöku ökutækja til úrvinnslu. Þau ökutæki sem yfirgefin hafa verið í almannarými eða á einkalóðum og sótt eru að beiðni sveitarfélaga og húsráðenda eru forsenda fyrir öðrum rekstri Vöku hf. Með sölu á notuðum íhlutum ökutækja og sölu brotamálma getur Vaka hf. boðið hagkvæma úrlausn á þeim vanda sem yfirgefin ökutæki skapa og lágmarkað kolefnisspor af völdum ökutækja með því að endurnýta það sem nothæft er.

Skipulag og skilgreiningar

ÚUA ógilti starfsleyfi Vöku hf. með þeim rökum að starfsemi félagsins samræmdist ekki landnotkunarákvæði aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Miðsvæði, sem starfsstöð félagsins fellur undir. Þar er afdrifaríkust

túlkun ÚUA á hugtakasamhenginu „léttur iðnaður“ og taldi ÚUA starfsemi Vöku hf. ekki falla undir þá skilgreiningu.

Hugtakasambandið „léttur iðnaður“ er ekki skilgreint í skipulagslögum nr. 123/2010, ekki í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, eða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, en starfsleyfi Vöku hf. er gefið út samkvæmt ákvæðum síðasttaltra laga, auk laga nr. 93/1995 um matvæli og laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir en hvorug þeirra eiga við í þessu máli.


Af þessu má ráða að túlkun á „léttur iðnaður“ sé á hendi þess sem á heldur hverju sinni. Þó virðist almennur skilningur og túlkun þess ná yfir bílaverkstæði og smurstöðvar.

Rekstur förgunarhluta Vöku hf. er í eðli sínu á flestan máta sambærileg við önnur bíla- og vélaverkstæði, eða smurstöðvar. Við förgun eru vökvar tæmdir af kerfum ökutækja, rétt eins og á smurstöð, nema engir vökvar eru settir í staðinn. Þeir vökvar sem úr ökutækjunum koma eru sóttir af Hreinsitækni, með sama hætti og hjá hefðbundinni smurstöð.

Íhlutir eru fjarlægðir úr ökutækjum í förgunarferlinu til endurnýtingar og er sá þáttur förgunar sambærilegur við vinnu á hefðbundnu bílaverkstæði, sem fjarlægir íhluti, eða heilu vélarnar, sem eru tæmdar af spilliefnum, rifnar í sundur, viðgerðar og settar í ökutækið aftur.

Megin munur á ofangreindum samanburðarrekkstri og starfsemi Vöku hf. er að við förgun fara ökutækin sem inn koma samanpressuð í gám til útfutnings og endurvinnslu, í stað þess að aka út í umferð aftur.

Mengunarhætta af starfsemi þessa samanburðarrekkstrar er ekki talinn ósamræmanlegur við ákvæði skilgreindra miðsvæða í aðalskipulagi Reykjavíkur, svo sem mýmörg dæmi sanna. Á meðfylgjandi mynd má t.d. sjá að stór hluti Ártúnshöfða, með öllum sínum verkstæðum fyrir ökutæki stór og smá, er skilgreindur sem Miðsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.



Til að njóta sannmælis, þá er sjálfsagt að skilgreina starfsemi Vöku hf. sem „léttan iðnað“ í skilningi skipulagsmála og til að gæta jafnræðis er sjálfsagt að veita Vöku hf. undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttöku og förgun ökutækja.

Mengunarhætta

Með breyttum starfsháttum Vöku hf. eru hverfandi líkur á mengunarslysi. Engin opin niðurföll eru í úrvinnslusal, svo það litla sem mögulega gæti lekið á gólf er umsvifalaust bundið með umhverfissvænum ísogsefnum og svæði síðan þrífir með umhverfissvöttuðu sápuæfni.

Engin uppsöfnun er á pressuðum ökutækjum. Það eru hverfandi líkur á mengun í þegar ökutæki er endurvinnsluferli, þar sem búið er að tæma ökutæki af spilliefnum og rafgeymum, ásamt því að dekk og felgur eru fjarlægð áður en ökutækið er pressað.

Mestu skiptir að umhverfi starfsstöðvar sé viðunandi og hefur Vaka hf. lyft grettistaki í þeim málum frá því að félagið var tilneytt til að skipta um starfsstöð með tilheyrandi raski.

Í stuttu máli, þá eru þessir verkþættir Vöku hf. fyllilega sambærilegir við verkþætti bifreiðaverkstæða og smurstöðva, sem óáreitt fá að halda sínum rekstri á skilgreindum Miðsvæðum. Sjá samanburð neðar.

Tilfinningamál

Það er fáeinum íbúum Kleppsvegar mikið kappsmál að losna við Vöku hf. úr nærumhverfi sínu. Einn nágranninn orðar þetta svo í tölvupósti til ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála: „Það yrði mikið áfall fyrir íbúa ef undanþága fengist frá ráðherra eftir allt sem á undan er gengið.“

Tæpast getur það áfall jafnast á við það áfall sem rúmlega helmingur starfsfólks Vöku hf. upplifði þegar það fékk uppsagnarbréf í kjölfar ógildingar á starfsleyfi því sem félagið vann eftir í góðri trú og í samfelldri viðleitni til að bæta ásýnd og umhverfi félagsins frá því það flutti að Héðinsgötu 2.

Samanburður á ferlum

Hér fer á eftir stuttur samanburður á vinnuferlum annars vegar bíla- og vélaverkstæðis og hins vegar úrvinnslu og förgunar. Rammar í rauðgulum lit sýna þátt sem er ekki starfsleyfisskyldur. Rammar í grænum lit sýna verkþætti sem vinna má undir starfsleyfi fyrir almenn bíla- og vélaverkstæði. Rammi í bláum lit er eini liðurinn í úrvinnsluferli Vöku hf. sem ekki samræmist starfsleyfisskilyrðum almennra bílaverkstæða.

Bíla- og vélaverkstæði / Smurstöð	Úrvinnsla / Förgun
Ökutæki ekið eða dregið á staðinn.	Ökutæki ekið eða dregið á staðinn.
Smurning Olía tæmd af ökutæki, ný sett í staðinn Úrgangsolía sótt af Hreinsitækni	Úrvinnsla Olía tæmd af ökutæki Úrgangsolía sótt af Hreinsitækni
Viðgerð á vatnskassa Kælivökvi tæmdur af bíl Vatnskassi viðgerður / fargað og skipt um Úrgangsvökvi sóttur af Hreinsitækni	Úrvinnsla Kælivökvi tæmdur af bíl Vatnskassi seldur / fargað eftir ástandi Úrgangsvökvi sóttur af Hreinsitækni
Lekur eldsneytistankur Eldsneyti tæmt af eldsneytistanki Tankur viðgerður eða nýr / notaður settur í Úrgangseldsneyti sótt af Hreinsitækni, eða sett aftur á tank eftir viðgerð	Úrvinnsla Eldsneyti tæmt af eldsneytistanki Tankur endurnotaður ef pöntun liggur fyrir Úrgangseldsneyti sótt af Hreinsitækni, eða notað á ökutæki Vöku hf
Dekkjaskipti Hjól skrófuð undan Skipt um dekk, ný eða notuð sett undir Ónothæf dekk send í endurvinnslu	Úrvinnsla Hjól skrófuð undan Nothæf dekk og felgur seld til endurnotkunar Ónothæf dekk / felgur send í endurvinnslu
Verklok Ökutæki viðgert og ekið út Ekki unnt að gera við, ökutæki sent til förgunar	Förgun Ökutæki pressað í úrvinnslusal og sett í gám við húsvegginn til útflutnings og endurvinnslu

Ofantallinn samanburður er til að undirstrika hversu sambærileg úrvinnsla og förgun ökutækja er við almenn bíla- og vélaverkstæði. Það er enginn munur á meðhöndlun úrgangsvökva og því enginn munur á mengunarhættu. Í úrvinnslusal Vöku hf. eru engin opin niðurföll í gólf, svo engin hætta er á að spilliefni fari í holræsakerfi þó svo að eitthvað læki á gólfið. Ísogsefni eru ætíð við hendina ef slíkt kæmi uppá.

Heimsókn ráðuneytis á starfsstöð Vöku hf.

Vaka hf. telur nauðsynlegt að starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins komi í vettvangsheimsókn á starfsstöð Vöku hf. að Héðinsgötu 2 til að sjá nánar verkferla fyrirtækisins. Vaka hf. telur að slík heimsókn gefi starfsmönnum mun betri mynd af starfseminni og geri ráðuneytinu kleift að rannsaka málið til hlítar, sbr. og rannsóknarregla 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þess er óskað að starfsmenn verði í sambandi við fyrsta tækifæri þannig að unnt sé að skipuleggja slíka heimsókn.

Niðurlag

Að teknu tilliti til alls framangreinds hníga öll rök til þess að fallast beri á undanþágu Vöku hf. frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef ekki verður fallist á undanþágu verður stoðum kippt undan annarri starfsemi Vöku hf. sem undanþágur hafa nú þegar verið veittar fyrir, sbr. undanþágur ráðuneytisins vegna dekkjaverkstæðis, bílapartasölu að hluta til og véla- og bifreiðaverkstæði. Slíkt myndi brjóta klárlega gegn meðalhófsreglu stjórnsýslu og stjórnskipunarréttar. Af þessum sökum ber að fallast á beiðni félagsins um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi vegna úrvinnslu bifreiða.

Virðingarfyllst,



Reynir Þór Guðmundsson

Framkvæmdastjóri



🏠: Héðinsgata 2 | 105 Reykjavík, Iceland

💻: www.vaka.is

✉: reynir@vaka.is

☎: 567 6700 | 863 4000